

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015, vegna Bakkafjörufnar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 frá 20. október 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir um 50 ha hafnarsvæði fyrir ferjuhöfn við Bakka í Austur-Landeyjum og lagningu tengivega að svæðinu, annars vegar frá Þjóðvegi 1 meðfram Markarfljótsaurum og hins vegar frá flugvellinginum við Bakka. Ferjuhöfnin og tengivegirnir eru á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði. Einnig eru Markarfljótsaurar svæði á náttúruminjaskrá og njóta jafnframt hverfisverndar. Í tengslum við framkvæmdirnar eru skilgreind tvö efnistökusvæði:
  - a. Í Seljalandsheiði undir Eyjafjöllum, skilgreint óbyggt svæði ásamt hverfisvernd, þar er áætlað að taka um 500.000 m<sup>3</sup> af grjóti.
  - b. Efnistaka á Markarfljótsaurum þar sem áætlað efnismagn er um 400.000 m<sup>3</sup>.
2. Landbúnaðarsvæði í Háamúla í Fljótshlíð breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er um 148 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir um 29 lóðum fyrir frístundahús.

Málsmeðferð hefur verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. desember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*